

Kennsluáætlun skólaárið 2019-2020

**Enska í 6. bekk**

Í ensku eru 2 kennslustundir á viku í 6. bekk. Kennrarar eru Eygló Aðalsteinsdóttir og Anna Marín Pórarinsdóttir

**Vinnulag**

Unnið er með alla þætti tungumálsins, hlustun, tal, lestur og ritun. Framan af hausti er unnið er með heilstæða texta til að auka lesskilning, orðaforða, færni í málnotkun og ekki síst sjálfstæði við vinnu. Byrjað verður að þjálfa ritunarfærni með því að rita texta í tölvum með áherslu á vöndur vinnubrögð.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Ýmis þemu úr Portfolio efninu, léttlestrarbækur, einföld ritunar- og heimildaverkefni og málfræðiverkefni.

Meginviðfangsefni vorannarinnar verða: Spotlight 8, blandað efni sem tekur á öllum þáttum tungumálsins, léttlestrarbók með útdrætti og umfjöllun um myndefni eins og teiknimynd.

**Vinnuáætlun**

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
<b>Lesskilningur:</b> Lestextar um ýmis þemu sem nemendur vinna samkvæmt getu og hraða hvers og eins. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með heilstætt mál, ígrundi	Portfolio þemaheftin: Amazing Animals, World og Records, Children of the World, Heroes, ..  Léttlestrarbækur (ýmis þyngdarstig)	Nemandinn getur:  -fundíð afmarkaðar upplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.  - lesið sér til gagns og gamans og skilið stutta texta með grunnorðaforða.	-Kannanir með þemaheftum  -A Project: An Amazing Animal or Interesting World Records  -Oxford Bookworms Tests

innihald, orðaforða og þjálfist í leitarlestri. Hlustað er á efni textanna og spjallað er um efni þeirra við kennara eða í paravinnu.			
<b>Talað mál: Hlustun og tjáning.</b> Nemendur þjálfast í að skilja: daglegt mál í bekknum þ.e. leiðbeiningar frá kennara, umræður um efnið sem verið er að fjalla um hverju sinni einnig efni sem spilað er af bandi eða lesið af kennara. Nemendur geta svarað spurningum, spurt eða tjáð sig um efnið.		<p>Nemandinn getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</li> <li>- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> <li>- geti rætt í hópi um áhugamál og daglegt líf.</li> <li>- geti sagt frá reynslu og tjáð eigin skoðanir.</li> <li>-geti endursagt sögu eða texta með stuðningi t.d. mynda.</li> <li>-geti notað algengustu orðasambönd daglegs máls.</li> </ul>	
<b>Ritun:</b> Nemendur skrifa stutta texta í tölvum um efni er tengist þeim sjálfum og nánasta umhverfi. Þeir þjálfast í að nýta sér rafræn hjálþargögn s.s. orðabók og yfirlestrarförrit. Nemendur læra að huga að réttitun og að vanda frágang.	Verkefni frá kennara t.d. -About Myself -My Family -My Best Friend - My School - Email to a Friend.	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</li> <li>- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</li> <li>- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.</li> </ul>	Fullkláruð verkefni sem límast í bók: My Book of English Projects
<b>Málfræði-fyrsta kynninga á:</b>	Ensk málfræði A	Nemandi getur:	

<ul style="list-style-type: none"> <li>-greini a/an</li> <li>-fleirtölu nafnorða</li> <li>-nútíð sagna</li> <li>-persónuformönnum</li> <li>-stigbreytingu lýsingarorða</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>-nýtt sér tileinkað sér reglurnar og nýtt í málnotun bæði munnlegri og skriflegri.</li> </ul>	
---	--	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

### Námsmat

Hæfni nemenda er metin ýmist með formlegum verkefnum sem metin eru beint en einnig metur kennari almenna hæfni nemenda eins og hún birtist í frammistöðu þeirra í kennslutínum. Kennari færir árangur inn á hæfnikort nemenda a.m.k. tvísvar á önn, árangur í þeim þáttum sem búið er að vinna með. Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvísvar í veturn, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Eygló og Anna Marín